

## Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Á árinu 2007 fækkaði störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess um 12 á höfuðborgarsvæðinu, en utan höfuðborgarsvæðisins fjölgaði störfum um 5.

Erfitt er að segja til um árið 2008 þar sem vinna við sameiningu sjávarútvegsráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins stendur yfir, þ.m.t. endurskipulagning á fyrirkomulagi stjórn-sýslu matvælamála.